

Áheyrnarfulltrúa flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að snarlega verði bætt úr aðgengismálum að leikskólanum Sunnuási en þar sárlega er vöntun á bílastæðum/sleppistæði svo foreldrar geti lagt bíl sínum og farið með barn sitt inn í leikskólann. Athuga verður að margir foreldrar eru að koma með börn sín úr öðrum hverfum.

Einnig er lagt til að fundnar verði lausnir til að léttu á umferðarpunga í nágrenni við leikskólann. Umferðin er sérstaklega mikil um Laugarásveg seinni partinn.

Greinargerð:

Fyrir utan leikskólann Sunnuás ríkir iðulega sérhvern morgun ringulreið. Fulltrúi Flokks fólksins hefur fengið sendar myndir og myndbandsupptökur því til staðfestingar. Þegar foreldrar koma með börn sín í leikskólann fá þeir hvergi stæði til að leggja svo hægt sé að fara með börnin inn á leikskólann. Skólinn stendur við Dyngjuveg 18 en liggur að Laugarásvegi. Korterir fyrir opnun leikskólans er orðið stappað fyrir utan. Þarna myndast hættuástand hvern morgun og hreint kraðak jafnvel. Umferðaröryggi er mjög ábótavant þarna. Engin gönguljós eru yfir nærliggjandi gangbraut. Þegar það verður mikill snjóþungi verður ástandið þarna óhugsandi því þá er minna pláss á götunum. Yfir vetrartímann koma auk þess fleiri akandi með börn sín.